

Samþykkt fyrir öldungaráð Kjósarhrepps

Umboð

1. gr.

Öldungaráð Kjósarhrepps starfar í umboði hreppsnefndar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn og fundarsköp hreppsnefndar nr. 781/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Öldungaráð Kjósarhrepps fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra. Öldungaráðið skal vera hreppsnefnd, nefndum og ráðum Kjósarhrepps til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Kjósarhrepps við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til hreppsnefndar sem varða verksvið þess.

3. gr.

Öldungaráðið er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og sveitarfélagsins og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Kjósarhrepps í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við félags-, æskulýðs- og jafnréttisnefnd Kjósarhrepps, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu stofnana til íbúa sem eru 67 ára og eldri.

4. gr.

Öldungaráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum hreppsnefndar.

Skipan

5. gr.

Öldungaráðið er skipað þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara. Hreppsnefnd kýs einn fulltrúa og einn til vara, Félag/samtök eldri borgara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, auk þess sem Heilsugæsla Mosfellsumdæmis tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Hreppsnefnd kýs formann ráðsins en öldungaráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og hreppsnefndar.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður öldungaráðs er í forsvari fyrir öldungaráði, leiðir stefnumótun og ber ábyrgð á framkvæmd hennar.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Öldungaráð kemur saman minnst tvisvar sinnum á ári, en heldur fundi þar að auki eins oft og þurfa þykir. Formaður Öldungaráðs boðar til funda og stýrir þeim. Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði ráðsins. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem nefndarmenn hreppsnefndar eða fastanefnda sveitarfélagsins óska eftir að ráðið fjalli um.

Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Kjósarhrepps ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráði þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Kjósarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar nr. xxx/2019 eftir því sem við á.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til hreppsnefndar jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 16. gr. samþykktar um stjórn Kjósarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar.

9. gr.

Starfsaðstaða

Kjósarhreppur lætur Öldungaráði í té aðstöðu til fundarhalda og aðgang að þeim gögnum sem nauðsynleg eru fyrir starfsemi ráðsins. Ennfremur skal ráðið njóta aðstoðar starfsmanns hreppsins, t.d. við boðun funda og til milligöngu við annað starfsfólk hreppsins um útvegum gagna vegna umfjöllunarefna ráðsins.

ⁱ Ákvæði til bráðabirgða: Þar til íbúar eldri en 67 ára hafa myndað með sér samtök, tilnefnir félags-æskulýðs og jafnréttisnefnd einn fulltrúa og einn til vara.